

# Innra mat

Helstu niðurstöður vorið 2024



ÁLFHÓLSSKÓLI

## Mat á skólastarfi

Mats- þættir	Umbótaaðgerðir og matsleiðir	Helstu niðurstöður vorið 2024	Áætlaðar umbætur og matsleiðir 2024 - 2025
Fagleg forysta	Starfsþróunarviðtöl og könnun um líðan og samskipti fyrir viðtalið	Almenn ánægja var með starfsþróunarviðtöl og í athugasemdum í könnun í undanfara viðtalanna kemur fram að starfsfólk upplifir skilning, góða leiðsögn og traust frá stjórnendum en einhverjir myndu vilja að stjórnendur væru sýnilegri og fljótari að svara tölvupóstum. Eins þykir sumum þurfa meiri stýringu á ákveðnum verkefnum.	Koma á mati og endurgjöf stjórnenda á kennslu, þriggja mínútna innlit
	Vinnustaðargreining Kópavogsbæjar	Vinnustaðargreining fór fram í mars 2024, en skólinn hefur enn ekki fengið niðurstöður að hausti 2024.	Fjölga starfsþróunarviðtölum úr einu á ári í þrjú á ári
Stefnu- mótun og skipulag	Uppfærsla starfsmannahandbókar árlega.	Starfsmannahandbók var uppfærð og aðgengileg á rafrænu svæði. Athugasemdir hafa komið fram um að erfitt er að fletta upp í bókinni, hún ekki nægilega aðgengileg og þörf á að fara yfir hana með starfsfólki að hausti.	Starfsmannakönnun í mars 2025  Starfsmannastefna og starfsmannahandbók endurskoðuð frá grunni haustið 2024 og kynnt starfsfólki sérstaklega  Stjórnendur sitji reglulega samráðfundi kennara og sinni teymisstjórn.
	Yfirferð áætlana og verkferla.	Unnið var eftir skólamenningaráætlun, Öll sem eitt, sem hluta af forvarnar- og viðbragðsáætlun skólans.	Skólanámskrá í stöðugri þróun
	Þróun skólanámskrár	Skólanámskrá er í stöðugri uppfærslu. Námskránnu má nálgast í heild sinni á heimasíðu skólans og á Mentor. Námskráin er í áframhaldandi þróun.	Gerð starfsáætlun að hausti
	Gerð starfsáætlunar	Starfsáætlun var samþykkt af skólaráði haustið 2023 og birt á heimasíðu.	Sjálfsmatsáætlun birt foreldrum og starfsfólki
	Stefnumótunardagur	Starfsáætlun var samþykkt af skólaráði haustið 2023 og birt á heimasíðu.	Vikulegir teymisfundir á skólaárinu, oftast eftir þörfum.
Opinn skólaráðsfundur	Sjálfsmatsáætlun var sett fram til ársins 2025, samþykkt af matsteymi og birt á heimasíðu skólans að hausti 2022.	Farið yfir verkferla og áætlanir að hausti	
Farsæld barna og			

## sambætt þjónusta

Á stefnumótunardegi og opnum skólaráðsfundi var rætt um skólareglur Álfhólsskóla. Almenn ánægja var með fundinn sem gekk vel.

Á stefnumótunardaginn ræddu nemendur um leiðsagnarmat og námsmenningu á öllum stigum.

Það er aðeins ólíkt eftir árgöngum í 1.-6.bekk hvort nemendur telji sig vita hvað þeir eigi að læra en ekki bara hvað þeir eigi að gera í skólanum. Stundum stendur það á töflunni og þá er það skýrara. Skiptar skoðanir eru á því hvort nemendur í 1.-6.bekk fái þá aðstoð frá kennurum sem þeir þurfa. Margir nemendur segja að það séu svo margir sem þurfi aðstoð að það gefist ekki tími til að hjálpa þeim. Flestir fá þó hjálp frá öðrum nemendum. Nemendur eru sammála um að vinnufrið er ábótavant í kennslustofunni. Þeir leggja til að breyta vinnuaðstæðum til að koma á betri vinnufrið, t.d. raða í sæti, minnka nemendahópa, endurraða í stofuhópa, nýta hópeflisleiki til að losa um orku, vinna að meira spennandi verkefnum o.fl. Góður námsmaður að mati nemenda í 1.-6.bekk er sá sem vinnur vel í kennslustundum, gerir sitt besta, einbeitir sér að því sem hann á að vera að gera og truflar ekki aðra. Að vera góður námsmaður er ekki að vera góður í öllu. Til að verða betri námsmenn leggja nemendur til að nemendur hlusti betur á kennarann, skipuleggi sig, nýti tímann í skólanum vel til náms, taki þátt í umræðum og fylgi reglum.

Í 7.-10.bekk ræddu nemendur að til þess að efla trú nemenda á eigin getu í námi þurfi foreldrar að fylgjast betur með náminu og gera raunhæfar væntingar. Gott væri að fá fleiri tækifæri til að tengja verkefni við áhugasvið. Nemendur þurfi meiri hvatningu og leiðsögn þegar þeir gera mistök og aðstoð þrátt fyrir að þeir spyrji um eitthvað sem þeir “ættu að vita”. Gott væri ef kennarar væru duglegir að gefa persónuleg hrós, t.d. í “private comment” á bekkjarrými. Nemendur myndu vilja fá fleiri tækifæri til einstaklingssamtala við faggreinakennara.

Stefnumótunardagur og opinn skólaráðsfundur vorið 2025

Endurskoðaðar skólareglur

Áframhaldandi innleiðing farsældarlaganna og sambættrar þjónustu

Verkferlar endurskoðaðir að hausti.

Nemendur telja að ef kennarar nýttu meira sýnidæmi og fyrirmyndarverkefni væri skýrara hvað nemendur eiga að læra en ekki bara gera. Þeim finnst jafnframt gott að fá góða innlögn áður en þeir fara af stað í verkefnavinnu. Nemendur upplifa meiri tilgang með verklegum verkefnum og þykir þá skýrara hvað þeir eiga að læra en ekki bara gera. Nemendur ræða einnig að útskýringar á tilgangi verkefna skipti miklu máli.

Uppfærsla á flýtsíðu í öllum tölvum með ýmsum gagnlegum hlekkjum og upplýsingum.

Skólareglur voru endurskoðaðar í vetur og tóku allir nemendur skólans þátt í þeirri vinnu. Tillögur þeirra voru svo ræddar á stefnumótunardegi með foreldrum. Drög af endurbættum skólareglum ásamt nánari útskýringum og viðurlögum verða tekin fyrir á skólaráðsfundi að hausti 2024.

Tengiliðir farsældar sóttu námskeið og leiðsögn frá Kópavogsbæ um innleiðingu farsældarlaga og samþætta þjónustu. Áframhaldandi þróun næstu ár.

Stefnumótunardagur	Skólaráð fundaði reglulega á árinu. Samstarfið gekk mjög vel og stóðu nemendur sig með þryði.	Stefnumótunardagur og opinn skólaráðsfundur að vori 2025
Foreldrakönnun Skólapúlúsins	Almenn ánægja með samráðsdaga á skólaárinu. Í einhverjum tilfellum voru nemendastýrð viðtöl sem gekk mjög vel.	Námskynningar fyrir foreldra að hausti.
Opið hús fyrir foreldra	Kennarar sendu foreldrum vikupósta með upplýsingum um skólastarfið og bekkjarbrag í vetur. Almenn ánægja með póstana meðal kennara og foreldra.	Skólaráð
Skólaráð		Starfamessa
Vikupóstar		Árleg læsi og lestrakennslunámskeið fyrir foreldra í 1. og 3.bekk
Samráðsdagar	Opið hús og morgunkaffi með stjórnendum var á öllum stigum í vetur. Góð mæting var á öllum stigum og almenn ánægja.	Morgunfundir foreldra með stjórnendum
Fræðslufundur fyrir foreldra um lestur.	Kynningarfundir fyrir foreldra í 1., 5. og 8.bekk voru vel sóttir og gengu vel.	Kynningar fyrir foreldra í 1., 5., og 8.bekk
Kynningarfundir fyrir foreldra í 1., 5. og 8.bekk	Starfamessa foreldrafélagsins var haldin á vorönn og gekk mjög vel.	Vikupóstur á Mentor
Starfamessa foreldrafélagsins	Facebooksíða skólans og heimasíða hafa verið í stöðugri uppfærslu í vetur.	Starfsmannakönnun í mars 2025
Sýningar og viðburðir	Samkvæmt könnun í undanfara starfspróunarviðtala upplifa kennarar almennt að samstarf og samskipti við foreldra gangi vel.	Samráðsdagar
	Forráðamönnum var boðið að koma og sjá fjölmargar sýningar og/eða á viðburði, t.d. Landnáms hátíð, vorsýning 4.bekkja, söngleikjaval o.fl.	Facebooksíða og heimasíða skólans í stöðugri uppfærslu
		Ýmsir fræðslufundir fyrir foreldra, rafrænt og á staðnum
		Námskeið og fræðsla fyrir tengiliða farsældar reglulega á skólaárinu.

Vinnustaðargreining.	Í könnun í undanfara starfsþróunarviðtala segir starfsfólk að skólaárið hafi gengið 5,2 af 7 mögulegum að meðaltali, betur en á síðasta skólaári 3,9. Rætt var um að starfsandi væri enn betri en árið áður, kennslan og samstarf (5,84 af 7) hafi yfirleitt gengið vel sem og samskipti við nemendur og foreldra (6,2 af 7). Starfsfólk nefnir nokkra þætti sem hefðu mátt ganga betur, t.a.m. aðlögun náms fyrir ÍSAT nemendur, samstarf í einstaka teyllum og þung agavandamál.	Vikulegir teymisfundir, oftast eftir þörfum.
Rýnihópar kennara.		Kennurum boðið upp á fræðslu um erfiða hegðun nemendum.
Nemendakönnun Skólapúlsins		Deildarstjórar funda reglulega með kennarateyllum yfir skólaárið.
Skólalæping		Lestrarátök
Stefnumótunardagar	Komið var á lausnamiðuðum samráðfundum með kennurum í vetur, lausnaleitarfundum. Um er að ræða markvissa fundi um afmarkað viðfangsefni hverju sinni t.d. Hegðun og líðan, virkni, mál og læsi eða annað, þar sem áherslan er á að ræða ýmsar mögulegar lausnir en ekki vandan sem slíkan né einstaklinga. Þátttakendur koma undirbúnir á fundinn og fundarsköp eru í mjög föstum skorðum. Almenn ánægja var með fundina en áfram er þörf á þjálfun í fundarsköpum til þess að festa þessa fundarmenningu í sessi.	Samráðsdagar
Lesferill, lesskimun		Bland í poka á unglíngastigi
LOGOS greining		Þemavikur
Samráðsdagar		Þemadagar
Kennsluþróun	Samkvæmt nemendakönnun Skólapúlsins hafa nemendur í Álfhólsskóla marktækt meiri ánægju af lestri og nemendur á landsvísu. Stúlkur hafa sem áður almennt enn meiri ánægju af lestri en drengir. Ánægjan dalar almennt eftir því sem nemendur eldast en gaman er að sjá að á unglíngastigi hefur ánægjan almennt aukist lítillega milli ára. Velta má fyrir sér hvort heimalestrarátak á unglíngastigi spili þar lykilhlutverk.	Menntabúðir og lærdómsfundir kennara
	Áhugi á stærðfræði mælist marktækt meiri í Álfhólsskóla en á landsvísu eins og oft áður, á það fyrst og fremst við um stúlkur í 9.bekk. Ánægja af náttúrufræði mælist að vanda marktækt meiri en á landsvísu.	Lausnamiðaðir samráðsfundir um nemendmál.
	Þrautseigja í námi og trú á eigin vinnuböggð í námi mælast um landsmeðaltal, en voru marktækt undir landsmeðaltali á síðasta skólaári. Trú á eigin námsgetu mælist jafnframt um landsmeðaltal	Stjórnendur meta kennslu og veita endurgjöf.
		Lausnateymi heldur áfram störfum.
		Nemendakönnun Skólapúlsins.
		Starfsmannakönnun skólapúls mars 2025

eins og á síðasta skólaári en drengir í skólanum mælast þó með marktækt meiri trú en drengir á landsvísu. Eins mælist trú á eigin námsgetu í 8.bekk marktækt meiri en í 8.bekk á landsvísu.

Tíðni leiðsagnarmats mælist marktækt undir landsmeðaltali eins og oft áður (4,1 á móti 4.8), aldrei mælist eins lítið frá því að mælingar hófust. Árgangarnir mælast marktækt undir í 6., 7., og 8.bekk. Dreigið hefur úr leiðsagnarmati í öllum árgöngum nema í 9. og 10.bekk þar sem það hefur aukist lítillega síðan í fyrra og hangir rétt um landsmeðaltal, ómarktækt aðeins undir. Þegar rýnt er í ástæður þessa með kennurum er rætt mikilvægi þess að vinna með námsmenninguna í skólanum áður en hægt er að vinna markvisst með leiðsagnarmat sem slíkt. Í rýnihópum nemenda kemur fram að nemendur kalla eftir meira samtali um námið, meiri endurgjöf og leiðbeiningu þegar þeir gera mistök og meira leyfi til að gera mistök. Það er einmitt einn þáttur námsmenningar sem er grundvöllur leiðsagnarmats sem nauðsynlegt er að vinna markvisst með næsta vetur.

Virk þátttaka nemenda í tímum mælist um landsmeðaltal sem áður. Ekki mælist marktækur munur á kynjunum, í Álfhólsskóla né á landsvísu. Þá er 10.bekkur Álfhólsskóla marktækt mun óvirkari í námi en aðrir nemendur í 10.bekk á landsvísu. Þrátt fyrir það hefur virkni í þeim árgangi aukist lítillega frá því í fyrra.

Agi í tímum mælist marktækt meiri í Álfhólsskóla en á landsvísu eins og síðustu ár. Eru það bæði drengir og stúlkur sem upplifa agann marktækt meiri en kynsystkini þeirra á landsvísu. Mestur mælist aginn í 8. og 9.bekk.

Í opnum svörum kemur fram að margir nemendur eru almennt ánægðir með kennara skólans og finnst þeir viljugir til að styðja við þá og aðstoða eftir þörfum. Ánægja með val og frelsi til þess að vinna að verkefnum út frá áhugasviði. Þeir hafa ólíka upplifun af ólíkum fögum, það sem sumum finnst skemmtilegt finnst öðrum

Utís online haustið 2024.

Starfsþróunarteymi funda mánaðarlega allt skólaárið og gera sér framkvæmdaráætlun að hausti.

Ýmis þróunarverkefni.

leiðinlegt. Nemendur eru ánægðir með félagsskapinn og ræða að skólabragurinn og bekkjarandinn sé almennt góður. Þeir eru þakklátir fyrir námsráðgjafa skólans, segja markvisst unnið gegn einelti og tækifæri til skapandi vinnu t.d. í BÍP.

Það sem nemendum finnst að betur mætti fara er að þeir myndu vilja að kennarar samræmdu álag á verkefnaskilum og prófum, það sé of oft mikið um að vera sama daginn. Þá kemur einnig fram að klósettin séu mjög ósnyrtileg.

Símanotkun nemenda á skólatíma mælist um landsmeðaltal, 0,6 klst á dag þar sem nemendur nota snjallsíma á skólatíma, til náms eða annars. Símanotkun er lítil sem engin á miðstigi 0,1-0,2 klst) en eykst umtalsvert á unglíngastigi (0,7-1 klst), í Álfhólsskóla og á landsvísu.

87% nemenda skólans hafa snjallsíma til umráða, marktækur munur við landsmeðaltal (80%). Marktækt fleiri stúlkur skólans eru með snjallsíma í samanburði við landið, 94% á móti 83%. Tæplega 70% nemenda í 6.bekk skólans eru með snjallsíma (60% á landsvísu) og fer hlutfallið hækkandi eftir því sem nemendur eldast.

Samkvæmt niðurstöðum skólamenningarkönnunar þykir minnihluta nemenda námið spennandi og áhugavert (32%) færri en á síðasta skólaári (43%). Strákum finnst námið marktækt oftari óspennandi en stúlkum. Nemendum á miðstigi finnst námið meira óspennandi en nemendum á unglíngastigi, (u.þ.b. 22% á móti 30-37%), hefur verið öfugt farið hingað til.

Heilsudagar fóru fram í apríl og gengu mjög vel. Á unglíngastigi var annar dagurinn nýttur til undirbúnings fyrir árshátíð við mikla lukku.

Menntabúðir voru haldnar reglulega yfir skólaárið sem og



<p>Nemendur; líðan, þátttaka og ábyrgð</p>		<p>mánudagsfræðsla sem var sæmilega vel sótt.</p> <p>Fjöldi þróunarverkefna eru í gangi í Álfhólsskóla. Verkefni eru: Bland í poka á unglingsstigi, góður grunnur, þemavikur á miðstigi, teymiskennsla, spjaldtölvur í námi og kennslu. Allir kennarar fá tvo tíma á viku í kennsluþróun innan vinnuramma til að sinna sinni kennsluþróun.</p> <p>Almenn ánægja með þróun á BÍP vikum á unglingsstigi skv. könnun sem lögð var fyrir nemendur og rýnifund kennara. Vilji til að halda áfram að þróa verkefnið í sömu átt.</p> <p>Lesferill, lestrarskimun var lögð fyrir alla nemendur skólans í september, janúar og maí. Orðarún, lesskilningspróf, var lagt fyrir í 3.-8.bekk samhliða lesferlinum. Í kjölfarið voru gerðar LOGOS greiningar eftir þörfum og sett inn einstaklingsmiðuð lestrarátök heima og í skólanum þar sem það átti við. Nemendur tóku almennt miklum framförum í lestri á skólaárinu.</p> <p>Lausnateymi var starfandi í báðum húsum. Teymin sinntu fyrst og fremst óformlegri ráðgjöf til kennara og starfsmanna, sem og úrvinnslu mála vegna gruns um einelti og/eða annað ofbeldi.</p>	
	<p>Skólamenningarkönnun</p> <p>Nemendakönnun Skólalátt</p> <p>Samráðsviðtöl</p> <p>Stefnumótunardagar</p> <p>Skólamenningarfundir</p> <p>Réttindaráð ÖSE</p>	<p>Skólamenningarfundir eru þjóðfundir sem voru haldnir með öllum árgöngum skólans að hausti 2023. Á fundunum rýndu nemendur í skólamenninguna í Álfhólsskóla og komu með tillögur um hvernig mætti efla hana enn frekar. Jafnframt var farið yfir skólareglurnar og nemendur komu með tillögur að úrbótum. Fundirnir gengu mjög vel og var almenn ánægja með þá. Rauðir þræðir á skólamenningarfundum voru áhersla á fjölbreytni í námi, verkleg verkefni, val og leiktæki/afþreyingu í frímínútum. Nemendur voru með nokkrar hugmyndir um hvernig mætti endurbæta skólareglurnar okkar. Þeim þótti þörf á að skerpa á reglum um virðingu fyrir eignum annarra, óskýrleiki varðandi reglur um að yfirgefa skólalóð, skiptar skoðanir voru á hvort farartæki ættu</p>	<p>Réttindaráð</p> <p>Nemendaráð</p> <p>Skólaráð</p> <p>Árlegur stefnumótunardagur</p> <p>Bekkjarfundir vikulega í öllum árgöngum.</p> <p>Göngum í skólann.</p>

Skólaráð

Barnaþing Kópavogs

Okkar skóli

heima á skólalóðinni, Skýrari reglur og viðurlög um ofbeldi og aðra áhættuhegðun, meiri áherslu á umhverfisvernd o.fl. Ábendingar þeirra voru svo teknar til umræðu á opnum skólaráðsfundi á stefnumótunardaginn.

Réttindaráð fór saman yfir niðurstöður skólamenningarfunda og setti saman tvær tillögur sem voru svo kynntar á barnaþingi Kópavogs. Önnur tillagan sneri að aðgengi fyrir alla, t.d. Allir nemendur, starfsmenn og aðrir gestir skólans fái jafnt tækifæri til aðgengis og umgengni um skólann, t.d. með því að merkja stofur og annað í skólaumhverfinu með blindraletri og tryggja að öll hurðaop séu nægilega stór fyrir hjólastóla. Hin áherslan sneri að aukinni áherslu á verklegt nám. Minni áhersla á að nemendur læri og vinni verkefni í bókum og fleiri tækifæri til að fara í vettvangsferðir, vinna verkleg verkefni, tilraunir og skapandi verkefni sem tengja viðfangsefnið við raunveruleikann. Fjórir fulltrúar skólans fóru á barnaþing Kópavogs og svo fyrir bæjarstjórn til þess að ræða og kynna tillögurnar.

Helstu niðurstöður skólamenningarkönnunar benda til þess að nemendum í 6.-10.bekk líði almennt vel í skólanum, þeim finnst skólabragurinn almennt góður og nánast allir eiga a.m.k. einn vin í skólanum. Meirihluti nemenda er stoltur af því að vera í Álfhólsskóla. Nemendafulltrúar hafa jákvæð áhrif á skólabraginn og nemendur nota opnar spurningar til þess að segja frá áhyggjum sínum af líðan og samskiptum.

Í nemendakönnun Skólapúlsins kemur fram að tíðni eineltis er 14,4%, ómarktækur munur við landsmeðaltal 17,8%. Einelti virðist því hafa aukist lítillega á landsvísu frá því í fyrra, 12% hér og 15% á landinu, ómarktækur munur.

Ef rýnt er í árgangaþróun í niðurstöðum Skólapúlsins má sjá að umfang eineltis hefur minnkað umtalsvert í 9. og 10.bekk en aukist lítillega í 8.bekk.

Þemadagar.

Skólahreysti.

Skólamenningarfundir

Skólamenningarkönnun.

Skólapúls nemendakönnun.

Tengslakannanir, a.mk. tvisvar á ári.

Samráðsfundir tvisvar á ári.

Einstaklingsviðtöl við nemendur á mið- og unglingastigi.

Sértæk vinna með minni hópa í ákveðnum árgöngum.

Ráðgjöf frá Kvan fyrir kennara.

Forvarnarfræðsla reglulega yfir skólaárið og tími gefinn til eftirfylgni og úrvinnslu strax í kjölfarið.

Forvarnarteymi setur heildræna forvarnaráætlun fyrir skólann sem nær til allra aðila skólasamfélagsins, starfsfólks, nemenda og foreldra.

Okkar skóli

Barnaþing Kópavogs

Í skólamenningarkönnun mælist umfang eineltis um 11%, meira en á síðasta skólaári 8,4%. Leyst hefur verið úr stórum hluta þeirra mála sem hafa komið upp á skólaárinu, 10 af 24 tilvikum (svipaður fjöldi og síðustu ár), 3 eru af erlendum uppruna, 2 stelpur og 10 strákar. Í skólapúlsinum eru aftur á móti fleiri stúlkur en drengir sem upplifa að þær verði fyrir einelti á skólaárinu.

Skólinn veit ekki af 11 tilfellum þar sem eineltið er enn í gangi að mati nemenda.

Ákveðnar vísbindingar eru í niðurstöðum skólamenningarkönnunar um neikvæða þróun í skólamenningunni og þá sérstaklega í 8.bekk. Í kjölfar þess er áriðandi að rýna þessar niðurstöður enn betur og hefja markvissa vinnu með menninguna í árganginum og skólanum í heild sinni næsta vetur.

Um 20% nemenda hefur upplifað að teknar séu myndir af þeim í leyfisleysi og deilt á samskiptamiðlum, ekki mikill kynjamunur né mikill munur á árgöngum. Athyglisvert er að 20% nemenda á 6.bekk hafa orðið fyrir þessu en enginn þeirra hefur aldur til að vera á samskiptamiðlum. 27% nemenda hafa séð slagsmálamyndband á samskiptamiðlum, strákar jafnt sem stelpur. Marktækur munur er á milli árganga og hefur hátt í helmingur nemenda í 9.bekk séð slíkt myndband. Þá hefur ótti nemenda við aðra nemendur í skólanum aukist lítillega, 12% á móti 7% í fyrra. Marktæt fleiri sem óttast aðra nemendur á miðstigi en á unglíngastigi.

Almennt virðist hafa dregið úr liðsheild í skólanum ef marka má niðurstöður skólamenningarkönnunar, áriðandi er að vinna með heildina á næsta skólaári.

Sjálfsálit nemenda hefur farið vaxandi í Álfhólsskóla og mælist nú um landsmeðaltal síðustu tvö ár, en var marktækt undir landsmeðaltali fram að því frá árinu 2015. Drengir eru almennt með betra sjálfsálit en stúlkur. Sjálfsálit hefur aukist hvað mest í 9.

og 10.bekk. Stjórn á eigin lífi mælist um landsmeðaltal sem áður og telja drengir sig almennt hafa meiri stjórn á eigin lífi en stúlkur.

Vellíðan mælist um landsmeðaltal eins og síðustu ár og líður drengjum almennt betur en stúlkum samkvæmt niðurstöðum Skólapúls og niðurstöðum Skólamenningarkönnunar. Nemendur skólans samsama sig við nemendahópinn eins og aðrir nemendur á landsvísu. Drengir samsama sig almennt betur við nemendahópinn en stúlkur. Samband nemenda við kennara mælist um landsmeðaltal en hefur síðustu tvö ár mælst marktækt yfir landsmeðaltali. Nemendur í 7. og 9.bekk eiga í marktækt betra sambandi við kennara en jafnaldrar þeirra á landsvísu. Samband nemenda við kennara hefur haldist nokkuð stöðugt frá því í fyrra nema í 8.bekk þar sem það minnkar verulega við flutninginn milli stiga og kennaraskipti.

Í skólamenningarkönnun kemur fram marktækt meiri vellíðan í 9.bekk en í öðrum árgöngum en þar hefur líðan batnað verulega frá því á síðasta skólári.

Réttindaráð Öll sem eitt var virkt á öllum stigum í vetur, virkast á unglingsstigi. Nemendur stóðu sig prýðilega í störfum sínum.

Álfhólsskóli sendi fjóra fulltrúa á barnaþing Kópavogs. Þingið gekk vel og fulltrúarnir voru skólanum til sóma. Í kjölfar þingsins fóru fulltrúar skólans fyrir hönd þingsins á fund bæjarstjórnar þar sem þeir tilkynntu tillögur barnaþings.

Þrjú nemendafulltrúar sátu í skólaráði í vetur og stóðu sig mjög vel.

Í nemendakönnun Skólapúls mælist verulega mikil óánægja með matinn, marktækt langt undir landsmeðaltali, aðeins 22% sem finnst maturinn oftast góður eða frekar góður á mótí 40% á landsvísu. Óánægjan var mest í byrjun árs og dró örlítið úr henni þegar líða fór á veturinn. Óánægjan er óháð kyni og í öllum árgöngum. Nemendaráð á miðstigi og unglingsstigi funduðu með

Mann-  
auður;  
líðan og  
starfsandi

kokkinum vegna óánægju með matinn og reyndi hann að bregðast við óskum þeirra sem skýrir að einhverju leyti vaxandi ánægju þegar líða tók á veturinn. Í opnum svörum ræða nemendur einnig mikið um óánægju með matinn. Ábendingar varðandi matinn eru ýmsar. Einhverjum þykir maturinn ekki góður, hann of mikið eða of lítið eldaður og maturinn hefur oft klárast of fljótt.

Könnun í undanfara starfspróunarviðtala.	Í könnun sem gerð var meðal starfsfólks í undanfara starfspróunarviðtala kemur fram að starfsmönnum líður nánast öllum frekar eða mjög vel í starfi sínu. Líðan starfsfólks mælist að meðaltali 5,92 á skalanum 1-7. Til þess að hækka sig á þessum skala nefnir starfsfólk stuðning við að takast á við fjölbreyttan nemendahóp og krefjandi, ógnandi hegðun nemenda. Einnig nefna nokkrir mikið álag í vetur. Stuðningsfulltrúar greina frá því að þeir upplifi stéttaskiptingu í skólanum og að lítið sé niður á þá.	Einstaklingsviðtöl við starfsfólk um niðurstöður starfsmannakönnunar og/eða vinnustaðagreiningar
Rýnihópar starfsmanna		Skólamenningarfundur starfsfólks
Ýmsar kannanir á vegum matsteymis		Árleg endurskoðun og uppfærsla starfsmannahandbókar
Starfspróunarviðtöl	Í könnuninni kemur fram að meirihluti starfsfólks upplifir að það fái þann stuðning sem það þarfnast (5,92 af 7). Til að hækka sig á þeim skala ræða flestir þörf á auknum stuðning vegna ÍSAT nemenda og eða nemendur með krefjandi hegðun. Að öðru leyti kemur fram í opnum svörum að starfsfólk upplifi stuðning frá samstarfsmönnum og næsta yfirmanni.	Árleg starfspróunarviðtöl
	Viðburðir STÁL á skólaárinu voru vel sóttir í vetur og vöktu mikla lukku.	Móttökuáætlun um nýja starfsmenn.
		Nýir kennarar fá leiðsögukenndara
		STÁL starfsmannafélag

## Sjálfbærni

Réttindaskóli Unicef	Álfhólsskóli fór af stað í innleiðingaferli til þess að verða réttindaskóli Unicef á skólaárinu 2022-23. Farið var hægt af stað. Myndað var teymi kennara, réttindaráð, til þess að halda utan um vinnuna og nemendafulltrúar ÖSE virkjaðir sem réttindaráð.	Áframhaldandi innleiðing á réttindaskóla Unicef.
Grænfáni		Áframhaldandi vinna með grænfánann.
Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna	Starfsfólk sótti sér réttindafræðslu á innra neti Kópavogs.	Fléttað heimsmarkmiðin og barnasáttmálann markvissar inn í nám og kennslu.
Barnasáttmálinn	Grænfánateymi var virkt í vetur en því miður náðust ekki markmið teymisins og fánanum því ekki flaggað á skólaárinu.	Réttindaráð hittist einu sinni í mánuði
	Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna koma fram í öllum áætlunum og stefnu skólans.	Réttindaráð nemenda, ÖSE, hittist a.m.k. tvisvar, oftár á eldri stigum.
	Unnið var með barnasáttmálann á degi mannréttinda barna á öllum stigum.	Grænfánateymi fundar 4 sinnum á skólaári.
		Heimskaffi haldið á degi mannréttinda barna ár hvert.